



Landbúnaðarnefnd  
Drifa Hjartardóttir formaður  
Austurstræti 8-10  
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 2006

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um vatnafiska, 595. mál, þingskjal 879.

Landssamband fiskeldisstöðva (Lf) styður að lög nr. 76 frá 1970 verði felld úr gildi. Frumvarpið til laga um vatnafiska sem hér óskað er umsagnar byggir á greinum úr lögnum nr. 76 frá 1970. Í frumvarpinu er ýmislegt sem orkar tvímælis og gerir Lf athugasemdir við ýmsar greinar þess.

Í frumvarpinu er að finna mjög ítarleg ákvæði um rekstrarleyfi, umsóknir um þau og alls kyns ákvæði sem uppfylla þarf til að leyfi verði veitt. Þá er í gildi lög um mat á umhverfisáhrifum sem fiskeldi fellur undir, en samkvæmt þeim lögum, á að skila inn alls kyns gögnum og gera athuganir um hugsanleg umverfisáhrif starfseminnar. Þau lög voru sett til að tryggja það, að fyrir öllu verði séð sem upp getur komið. Með þessu frumvarpi sem nú liggur fyrir er umhverfismat fiskeldisstöðva nánast gert marklaust, þar sem unnt er að krefjast viðbótarrannsókna, gera viðbótarskilyrði o.s.frv. með vísan til vistfræðiáhrifa - hugtaks sem ekki er útskýrt nánar í frumvarpinu.

Miklar væntingar hafa verið bundnar við eldi vatnafiska hér á landi. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki og fiskeldisfyrirtæki hafa gert tilraunir með fiskeldi um langt árabil og lagt út í umtalsverðan kostnað til að ná árangri í eldinu. Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er næsta víst, að heftandi lagagreinar þess muni hafa neikvæð áhrif á stöðu greinarinnar og skapa óvissu um útgáfu nýrra leyfa.

*Lf gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinarnar hér að neðan:*

6. gr. Staðbundið bann við starfssemi. 2. mgr.

Við ákvörðun ráðherra.....hlífa þeim við fisksjúkdómum.....öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum.

*Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 taka á þessum þáttum ef við á. Að mati Lf er greinin óþörf enda verði tekið á þessum þáttum með áðurnefndum lögum.*

7. gr. Rekstrarleyfi til fiskeldis. 2. mgr.

Einnig skal stofnunin .....Veiðimálastofnunar .....neikvæðum vistfræðiáhrifum .....

*Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 taka á þessum þáttum ef við á. Að mati Lf er greinin óþörf enda verði tekið á þessum þáttum með áðurnefndum lögum.*

## 9. gr. Málsmeðferð umsóknar.

Gerðar eru athugasemdir við allar mgr. 9. greinarinnar þar sem fyrir koma orðin sjúkdómar, fisksjúkdómar eða vistfræði.

Í 7. gr., samkvæmt frumvarpinu, er aflað umsagnar fisksjúkdómanefndar og ætti sú umsögn að duga. Hugtakið „neikvæð vistfræðileg áhrif“ eru ekki skilgreind í frumvarpinu en fiskeldisfyrirtæki sem og önnur fyrirtæki yfir ákveðni stærð falla undir þau lög.

Í 3. mgr. er heimild fyrir Landbúnaðarstofnun að krefjast ýmissa rannsókna á kostnað umsækjanda umfram kröfur í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því er mótmælt.

Greinin er verulega íþyngjandi og heftandi fyrir fiskeldisfyrirtæki umfram ýtarlegar kröfur í 8. gr. og er auk þess, verulega hagsmunatengd veiðiréttarhöfum. Því er mótmælt.

Verði greinin að lögum er óljóst hvort ný eldistækifæri verði nýtt.

## 10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis. 1. mgr. og 3. mgr.

„Ef vistfræðileg rök“ mæla með ..... Vísáð er til athugasemdar við 9. gr. hér að ofan. Í 3. mgr. er heimild ráðherra, m.a. til að skylda leyfishafa til að standa að vöktun á nærliggjandi veiðivötnum. Því er mótmælt með sömu röksemd og í umsögn við 9. gr.

## 13. gr. Veiðar fisks sem sleppur. 2. mgr.

... valdi „vistfræðilegu tjóni“. Skilgreiningu vantar á hugtakinu í frumvarpinu.

## 14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf. 5. mgr.

Fyrir eftirlit Landbúnaðarstofnunar eða .....árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Að mati Lf þarf að skilgreina ítarlega, við hvaða kostnað skal miða, við innheimtu eftirlitsgjalds.

## 21. gr. Eldisbúnaður. 1. mgr.


Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill.

Greinin stangast á við 8. gr. frumvarps til laga um fisksjúkdóma en í henni er greint frá skyldu um að sótthreinsa búnað sem notaður hefur verið erlendis.


LF leggur til að 21. grein verði samhljóða 8. gr. frumvarps til laga um fisksjúkdóma.

Fyrir hönd Landssambands fiskeldisstöðva.

Virðingarfyllst,



Guðbergur Rúnarsson





# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1632*  
*komudagur 18.4.2006*

Reykjavík, 11. apríl 2006

## Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um:

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. 607 mál, þskj. 891  
Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897  
Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898  
Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879  
Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum. 596. mál, þskj. 880

Landssamband veiðifélaga hefur fengið ofangreind frumvörp til laga til umsagnar og fylgir umsögn okkar hér með.

Virðingarfyllst,

Óðinn Sigþórsson,  
formaður LV

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé ekki stunduð með ólöglegum hætti. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi. Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög i sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

### **Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897**

Landssamband veiðifélaga leggur áherslu á við endurskoðun laganna um Veiðimálastofnum að ekki verði hróflað við faglegu sjálfstæði stofnunarinnar. LV hefur á undanförunum aðalfundum ályktað um að efla beri Veiðimálastofnun til að hún geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Því miður eru fjárveitingar til Veiðimálastofnunar lágar undanfarin ár og standa hvergi undir rekstri hennar. Lætur nærri að 2/3 tekna Veiðimálastofnunar komi af sjálfsaflafé. Í þessu ljósi gerir LV athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

Í 1. gr. falli brott málsgreinin “*Veiðimálsstofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.*” LV telur slíka málsgrein í lögnum algjörlega óþarfa enda ekkert að finna þar sem hindrar að slík samvinna eða samstarf geti farið fram og þá á jafnréttisgrundvelli. Lögbinding á samstarfi og samvinnu eins og frumvarpið kveður á um er andstætt þeim markmiðum um faglegt sjálfstæði stofnunarinnar sem LV vill standa vörð um við mótun hennar.

Í 3. gr. er gerð sú breyting að í stað stjórnar stofnunarinnar er nú komið fagrað. Í ljósi þess að mikill meirihluti tekna stofnunarinnar kemur af sjálfsaflafé en ekki úr ríkissjóði leggst LV gegn þessari breytingu.

Ekki eru fleiri athugasemdir við frumvarpið.

### **Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898**

Landssamband veiðifélaga gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp um fiskrækt.

### **X Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879**

Efnisatriði frumvarps um eldi vatnafiska er að mestu að finna í gildandi lögum um lax- og silungsveiði IX. kafla. Helstu viðbætur er að finna í 1. og 2. gr. laganna. Landssamband veiðifélaga telur varúðarreglu 1. gr. til mikilla bóta og í réttu samhengi við ný ákvæði sem er að finna í 19. gr. laganna um skaðabætur vegna tjóns sem stafar af starfsemi eldisfyrirtækja.

LV minnir á að eldiskaflí nógildandi laga var endurskoðaður fyrir 5 árum síðan. Um þá endurskoðun náðist samkomulag milli fiskeldismanna og veiðiréttareigenda. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er nokkuð slakað á kröfum er varða öryggi íslenskra ferskvatnsstofna og verða þær breytingar raktar í umsögnum um viðeigandi greinar þess. LV gerir ekki athugasemdir við þær greinar sem ekki eru teknar til umfjöllunar hér á eftir.

4. gr. stjórnýsla. Í sambandi við þessa grein er vert að vekja athygli á að aðkoma veiðiréttareigenda að upplýsingum og stefnumótun varðandi fiskeldi breytist er frumvarp til laga um lax- og silungsveiði verður lögfest. Veiðimálanefnd er sá vettvangur sem veiðiréttareigendur hafa í gildandi lögum til að koma sjónarmiðum á framfæri við stjórnýsluna og gæta hagsmuna sem fyrirhuguð starfsemi eldisfyrirtækja kann að raska. Þetta á sérstaklega við um þegar stofnsetja skal smærri eldisfyrirtæki með allt að 200 tonna ársframleiðslu. Því teljum við rétt að LV fái fulltrúa í fiskeldisnefnd.

5. og 6. gr. frumvarpsins er að meginefni sú sama og 77. gr. í gildandi lögum. Mikilvægt niðurlagsákvæði greinarinnar er þó fellt út en þar segir: Jafnframt skal landbúnaðarráðherra ákvarða svæðaskiptingu fiskeldis samkvæmt lögum þessum meðfram ströndum landsins og *heildarframleiðslu á hverju svæði*. LV gerir tillögu um að þetta ákvæði verði að nýju fellt inn í 5. gr. frumvarpsins.

Þær athugasemdir eru gerðar við kaflann um rekstrarleyfi, að ekki er gert ráð fyrir grenndarkynningu Landbúnaðarstofnunar á framkvæmd áður en rekstrarleyfi er veitt. Grenndarkynning vegna nærliggjandi hagsmuna í veiði og náttúrni er nauðsynleg að mati LV ef framkvæmd er ekki háð umhverfismati.

Um 19. gr. skaðabætur. Vísað er til þess sem að framan segir varðandi skaðabætur til tjónþola í veiðivatni vegna starfsemi eldisfyrirtækja. Gerð er tillaga um viðbót við lagagreinina sem gerir eldisfyrirtækum skylt að kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfseminnar. Ljóst er að rekstur eldisfyrirtækja er á veikum grunni. Verðmæti veiðivatna er á hinn bóginn gríðarmikið þegar litið er til bestu laxveiðianna.

Þá kann skaði vegna starfseminnar að koma í ljós nokkru eftir að fyrirtæki hafa hætt rekstri. Því er ákvæðið um skaðabætur næsta haldlaust ef starfsemin er ótryggð að þessu leyti. Treysti Alþingi sér ekki til að setja ákvæði um tryggingar í frumvarpið er gerð tillaga um að ríkissjóður ábyrgist greiðslu skaðabóta f.h. þess sem leyfið veitir.

21. gr. fjallar um innflutning á notuðum eldisbúnaðaði.

LV leggur áherslu á að greinin falli brott og í staðin komi óbreytt 76. grein í gildandi lögum um þetta efni.

LV mótmælir því að, á sama tíma og verið er að reisa nýjar skorður við flutningi á smitberandi áhöldum og dýrum milli landa í öllum heimálfum, eigi nú að veita tilslökun varðandi varðveislu lífríkis í ám og vötnum á Íslandi.

*Frv. til laga um eldi vatnafiska.  
Þskj 879 – 595 mál, Alþingi 2005 – 2006.*

Í 6. gr. frumvarpsins segir m.a. „Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta laxfiskastofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum.“ Þau göfugu markmið sem tilgreind eru í 6. gr. koma hinsvegar ekki fram í 1. gr. frumvarpsins þar sem markmiðin eiga að vera skilgreind. Lagt er til að 1. gr. laganna verði eitthvað á þessa leið:

*Markmið laga þessara eru skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og verndun viltra laxfiskastofna gegn fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi viltra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.*

Hér hefur textinn „og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu“ verið felldur út því að til þeirrar setningar virðist hvergi vera vísað til í frumvarpinu. Þess í stað hafa þau göfugu markmið sem fram koma í 6. grein verið færð inn á réttann stað í frumvarpinu.

**Laxfiskar ehf**  
 Jóhannes Sturlaugsson  
 Pósthólf 280, 270 Mosfellsbær  
 Sími: 664 70 80  
 Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Salmon and Trout Research  
**Alþingi**  
 Erindi nr. P 132/1675  
 komudagur 19.4.2006

18. apríl 2006

**Umsögn til Landbúnaðarnefndar Alþingis um:  
 Þskj. 879 — 595. mál. Frumvarp til laga um eldi vatnafiska.**

**Umsögn um lagafrumvarpið í heild**

Lagafrumvarpið um eldi vatnafiska sem hér er til umræðu og samstæð systurfrumvörp þess sem lögð eru fram samhliða (Þskj.:898; 891; 880; 897) til að þau fái samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu, eru til samans arftakar Lax- og silungsveiðilaganna frá 1970 (með síðari tíma breytingum). Einkennilegt má teljast að við gerð þessara lagafrumvarpa að lög um Fiskræktarsjóð eru ekki færð í nýjan búning líkt og allt annað efni lax- og silungsveiðilaganna frá 1970. Í umræðum (1. umræðu) á Alþingi kom fram að ástæða þess var óeining innan ríkisstjórnarinnar um þann hluta. Ef þetta frumvarp og systurfrumvörp þess verða afgreidd frá þessu þingi þá munu lög um Fiskræktarsjóð halda sínum sessi áfram í umgjörð Lax- og silungsveiðilaganna sem þá munu fá nafnið "eldri lög um lax- og silungsveiði". Vegna þessa vakna eðlilegar spurningar um það hvað valdi því að svo mikið liggur á að ganga frá því frumvarpi sem hér er veitt umsögn og systurfrumvörpum þess. Fyrst að ekki hefur verið gengið frá endanlegri mynd lagaákvæða sem mynda umgjörð fyrir starfsemi Fiskræktarsjóðs. Umræddur Fiskræktarsjóðshluti er enn eitt dæmið sem vísar til þess að rétt sé að fresta endanlegri þingmeðferð þessa lagaumhverfis í heild til næsta löggjafarþings (2006-2007).

Í upphafi þessarar umsagnar er sett fram almennt álit á lagafrumvarpinu. Í þeirri almennu umsögn undirritaðs um frumvarpið er með rökum fjallað um gegnumgangandi galla þess að óbreyttu, með það að markmiði að gallarnir séu sniðnir burtu í meðförum Alþingis. Þessir gallar að mati undirritaðs eru með vísun í greinar sem innihalda ákvæði sem valda samkeppnishömlum gagnvart starfsemi einkaaðila sem leggja stund á rannsóknir og ráðgjöf er falla undir lögsögu frumvarpsins og systurfrumvarpa þess. Þetta kemur til af því að þau lögboðnu verk sem sumar greinar frumvarpsins kveða á um að þurfi að framkvæma af fagaðilum við tiltekna aðstæður (umsagnir, úttektir o.þ.h.) eru einskorðuð við það að Veiðimálastofnun framkvæmi þau verk. Sú lagalega einokun lögboðinna umsagna, úttekta o.þ.h. Veiðimálastofnun til handa væri nánast skiljanleg ef Veiðimálastofnun hefði til að bera hlutleysi. Því er hinsvegar ekki að fagna miðað við óbreytt lagafrumvarp um Veiðimálastofnun sem gerir ráð fyrir því að stofnunin standi að vinnu við lögboðnar umsagnir, úttektir o.þ.h. og samhliða geti stofnunin staðið í samkeppni við einkaaðila um önnur rannsóknaverk á sama sviði. Vegna þessa er hér ítrekað að slíkir hagsmunaárekstrar munu vera til staðar ef frumvarp um Veiðimálastofnun verður samþykkt óbreytt hvað þetta varðar (sjá nánar umsögn undirritaðs - Laxfiskar ehf um lagafrumvarp um Veiðimálastofnun, þskj. 897). Í kjölfar þessa almenna álits heldur síðan umsögnin áfram með umfjöllun um þær greinar frumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við.



## Umsögn með vísun í tiltekna greinar lagafrumvarpsins

Hér að framan hafa verið tilgreindar athugasemdir sem varða lagafrumvarpið í heild. Hér að neðan verða frekari athugasemdir settar fram fyrir þær greinar frumvarpsins sem talin er nauðsyn að gera athugasemdir við sérstaklega. Uppsetningin er með þeim hætti að tiltekinn er texti þeirra greina lagafrumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við, eins og hann var þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi. Breytingar á greinatexta frumvarpsins eru allar auðkenndar með því að hafa þá stafi rauða. Texti sem lagt er til að fella í burtu er yfirstrikaður og nýr texti er hafður með skáletri. Stundum eru þó settar fram almennar aðfinnslur við efni tiltekinnna greina lagafrumvarpsins án þess að breytingartillögur við greinatexta fylgi. Tilgangurinn er engu að síður sá sami, nefnilega að hvetja þá sem ráða endanlegri mynd lagafrumvarpsins til að lagfæringa á tilgreindum greinum.

Ef Veiðimálastofnun er ekki skapað hlutleysi með því ganga frá fyrirbyggjandi lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun (þskj. 897 - 595 mál) með þeim hætti að stofnunin láti af samkeppni við einkaaðila í rannsóknum og ráðgjöf. Þá er tómmt mál að tala um það, að það sé bundið í lagafrumvarpið sem hér er unnin umsögn um að Veiðimálastofnun sé sá aðili sem sjái um öll lögbundin verk sem greinar frumvarpsins kveða á um að framkvæmd séu af fagaðila. Þar til Veiðimálastofnun öðlast slíkt hlutleysi þá er það tillaga undirritaðs að í öllum greinum frumvarpsins þar sem Veiðimálastofnun er nefnd til sögunnar í þessu tilliti sé þeirri tilvitnun eytt og í staðinn sé fellt inn á sambærilegan máta í staðinn "rannsóknaraðili á sviði fiskifræði".

### 4. gr.

#### *Stjórnssýsla.*

.....  
Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar og *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar* .

### 5. gr.

#### *Svæðaskipting fiskeldis.*

Landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfissráðuneytis, Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga og *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar* .

### 6. gr.

#### *Staðbundið bann við starfsemi.*

Landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar og *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar*, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á landsvæðum .....

### 7. gr.

#### *Rekstrarleyfi.*

.....Einnig skal stofnunin leita umsagnar *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar* um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu .....

**12. gr.*****Friðunarsvæði í sjó.***

Til að tryggja eftir föngum að sem minnst röskun verði á starfsemi rekstrarleyfishafa samkvæmt lögum þessum er Landbúnaðarstofnun heimilt, að fenginni umsögn *ranmsóknaraðila á sviði fiskifraði Veiðimálastofnunar* og Hafrannsóknastofnunar, .....

**20. gr.*****Tilflutningur eldisfisks.***

Kynbættan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Landbúnaðarstofnun veitt *ranmsóknaraðila* undanþágu til sleppitilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn *ranmsóknaraðila á sviði fiskifraði Veiðimálastofnunar* eða annarra fagaðila, sé ~~Veiðimálastofnun~~ **umsækjandi**.

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogn milli ótengdra vatnasvæða er óheimill.

Að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar getur Landbúnaðarstofnun veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku.

Landbúnaðarstofnun skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar *ranmsóknaraðila á sviði fiskifraði Veiðimálastofnunar* um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.



Jóhannes Sturlaugsson



Tölvupóstfang: [johannes@laxfiskur.is](mailto:johannes@laxfiskur.is)

Laxfiskur ehf  
Hraðastaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær  
Sími: 664 78 88

Alþingi 32/1724  
Erindi nr. P 132/1724  
komudagur 21.4.2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elísabet Rán Andrésdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006  
2006030033/42-1  
JGO/rsb

**Frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál - umsögn**

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 28. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um eldi vatnafiska, 595. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað þetta frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemd.

**3. gr. Skilgreiningar**

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 3. gr. frumvarpsins frá grunni, fækka skilgreiningum verulega og samræma þær. Jafnframt að samræma skilgreiningar í systurfrumvörpunum fjórum. Rök fyrir þessari skoðun stofnunarinnar eru að finna í umsögnum hennar um frumvörp um lax- og silungsveiðar (607. mál) og um fiskirækt (613. mál), dags. 19. apríl 2006.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Sýslumannafélag Íslands.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1628*  
*komudagur 18.4. 2006*

Akranes 16. 4. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 28. mars sl. fór landbúnaðarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um eftirgreind frumvörp til laga:

1. Frumvarp til laga um eldi vatnasfiska, 595. mál.
2. Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál.
3. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál.
4. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.
5. Frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál.

Stjórn félagsins hefur fjallað um frumvörpin og gerir ekki athugasemdir við efni þeirra.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

Ólafur Þ. Hauksson.

Alþingi  
Erindi nr. P<sub>132/1812</sub>  
komudagur 25.4.2006



UST

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

21. apríl 2006

Skjalanúmer: 45.10

Tilvísun: UST20060300154/KG

#### Frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 28. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál.

Í framangreindu erindi nefndarinnar er jafnframt óskað umsagnar stofnunarinnar um 4 önnur frumvörp en öll þessi mál tengjast endurskoðun á nágildandi lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Athugasemdir um þá heildarendurskoðun er að finna í umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál (tilvísunarnúmer UST20060300158).

Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi er starfsleyfis skyld starfsemi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við eldi lífvera eins og lax og silungs þarf einnig að hafa í huga náttúruverndarsjónarmið og dýravernd en öll þessi málefni eru á verksviði Umhverfisstofnunar. Stofnunin hefur því marghátaða aðkomu að málefnum er tengjast eldi vatnafiska og telur í samræmi við það að tryggja þurfi betur aðkomu stofnunarinnar en gert er í frumvarpinu.


Við samningu frumvarpsins var ekki leitað eftir sjónarmiðum Umhverfisstofnunar eða samráð haft á annan hátt. Stofnunin telur það miður þar sem eitt af markmiðum lagasetningarinnar var að gera löggjöfina einfaldari jafnframt sem stofnunin telur mikilvægt að framkvæmdin verði eins einföld og unnt er. Telur Umhverfisstofnun að líta beri til heildarhagsmuna allra þeirra sem koma að eldi vatnafiska og leggur til að frumvarpið verði unnið betur í samráði þeirra er málið varðar og það lagt fyrir að nýju.

Að öðru leyti er vísað er til meðfylgjandi greinargerðar um athugasemdir Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál. Óski landbúnaðarnefnd eftir ítarlegri umfjöllun stofnunarinnar um einstök atriði er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til þess, sem og að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilsson  
forstjóri



Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

## Greinargerð

### Athugasemdir við frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál

#### Almennar athugasemdir:

Umhverfisstofnun telur að um ýmsa þætti sé frumvarp þetta óljóst og að efni þess skarist á við önnur lög sem fjalla um fiskeldi, s.s. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um eldi nytjastofna sjávar. Telur stofnunin að afmarka þurfi betur hlutverk Landbúnaðarstofnunar og Veiðimálastofnunar annars vegar og Umhverfisstofnunar hins vegar. Einnig telur Umhverfisstofnun að festa þurfi samráð þessara stofnana, m.a. til einföldunar á umsóknum um leyfi, leyfisveitingar og eftirlit – ekki síst til hagsbóta fyrir umráðamenn fyrirtækja sem hyggjast leggja stund á fiskeldi.

Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi er starfsleyfis skyld starfsemi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við eldi lífvera eins og lax og silungs þarf einnig að hafa í huga náttúruverndarsjónarmið og dýravernd en þessir málaflokkar eru á verksviði Umhverfisstofnunar. Stofnunin hefur því margháttaða aðkomu að málefnum er tengjast eldi vatnafiska og telur í samræmi við það að tryggja þurfi betur aðkomu stofnunarinnar en gert er í frumvarpinu.

Við samningu frumvarpsins var ekki leitað eftir sjónarmiðum Umhverfisstofnunar eða samráð haft á annan hátt. Stofnunin telur það miður þar sem eitt af markmiðum lagasetningarinnar var að gera löggjöfina einfaldari jafnframt sem stofnunin telur mikilvægt að framkvæmdin verði eins einföld og unnt er. Telur Umhverfisstofnun að líta beri til heildarhagsmuna allra þeirra sem koma að eldi vatnafiska og leggur til að frumvarpið verði unnið betur í samráði þeirra er málið varðar og það lagt fyrir að nýju.

#### Athugasemdir um einstakar greinar:

##### 3. gr. Skilgreiningar.

3. tl. *Fiskeldi*. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreining á fiskeldi í þessum lögum er ekki fyllilega í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar. Leggur stofnunin til að gætt sé að fullu samræmis milli skilgreininga, að teknu tilliti til frumvarps til laga um fiskrækt. Eftir að valið hefur verið orðalag verði jafnframt samþykkt frumvarpsins breytt viðeigandi ákvæðum í öðrum lögum.
6. tl. *Fiskræktarslepping*. Umhverfisstofnun bendir á að orðið „fiskræktarslepping“ kemur hvergi fyrir í texta. Stofnunin leggur annað hvort til að notað verði „slepping“ (sem er ekki heldur gott orð) eða skilgreiningu hreinlega sleppt.
8. tl. *Fiskur*. Umhverfisstofnun leggur til smávægilega orðalagsbreytingu til skýringar og nánari afmörkunar: „...tegunda lagardýra sem lifa í fersku vatni og sjó...“
11. tl. *Heilsárseldi*. Umhverfisstofnun bendir á að heilsárseldi fer einnig fram í kerum á landi og leggur til að úr þessu verði bætt.
17. tl. *Sjór* og 22. tl. *Vatn*. Umhverfisstofnun telur að gæta þurfi betur að afmörkun framangreindra skilgreininga. Annars vegar er tilgreint **salt**

**vatn fyrir utan** árósa og hins vegar **ósalt vatn**. Hvað með ósasvæði fyrir innan sjálfan ósinn en þar sem gætir seltuáhrifa (t.d. lón fyrir innan ósa)?

19. tl. *Strandeldi*. Umhverfisstofnun telur að skilgreiningin sé röng þar sem ekkert í henni skilyrðir að eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi sé við ströndina. Strandeldi í skilningi stofnunarinnar er fiskeldi í kerum eða tönkum á landi sem er með beina losun til strandar.

#### 4. gr. Stjórnsýsla

Í 4. gr. laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, er einnig fjallað um fiskeldisnefnd. Umhverfisstofnun bendir á að skv. þeim lögum sitja 4 menn í nefndinni auk þess sem ákvæði um formann eru mismunandi. Stofnunin bendir á að gæta þurfi betur að samræmi milli þessara ákvæða og annað hvort fylgja ákvæðum í fyrrgreindum lögum, ellegar breyta viðkomandi grein við samþykkt þessa frumvarps.

Umhverfisstofnun telur að reynslan af núverandi fyrirkomulagi varðandi fiskeldi sé slík að nauðsynlegt sé að stofnunin hafi aðkomu og tengingu við störf fiskeldisnefndar, m.a. með seturétt á fundum nefndarinnar og ákvæðum um umsögn stofnunarinnar um reglugerðir og aðrar ákvarðanir.

#### 5. gr. Svæðaskipting fiskeldis

Umhverfisstofnun leggur til að auk þeirra stofnana sem taldar eru upp í 2. ml. verði Umhverfisstofnun tilgreind sérstaklega sem umsagnaraðili áður en skilgreind eru fiskeldissvæði.

#### 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi

Umhverfisstofnun leggur til að auk þeirra stofnana sem taldar eru upp í 1. mgr. verði Umhverfisstofnun tilgreind sérstaklega sem umsagnaraðili áður en settar eru takmarkanir eða lagt bann við fiskeldi á vissum landsvæðum.

#### 7. gr. Rekstrarleyfi

Umhverfisstofnun óskar eftir því að stofnunin sé sérstaklega tilgreind í 2. mgr. sem umsagnaraðili um rekstrarleyfi vegna náttúruverndarsjónarmiða.

#### 8. gr. Umsókn um rekstrarleyfi

Umhverfisstofnun telur það skýrari og markvissari stjórnsýslu ef þau atriði sem tilgreina beri með umsókn um rekstrarleyfi séu talin upp í reglugerð og leggur til að ákvæðum þessarar greinar verði breytt á þann veg.

#### 10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis

Umhverfisstofnun sér ástæðu til að benda á það góða fordæmi sem sýnt er í 10. gr. frumvarpsins þar sem sérstaklega er tilgreint að tryggt skuli að ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli fylgt.

Umhverfisstofnun bendir á að í almennum athugasemdum framfar í þessari umsögn er sérstaklega vísað til þess að leitað skuli leiða til að einfalda eins og kostur er ferli leyfisveitinga og eftirlits.

#### 16. gr. Niðurfelling rekstrarleyfis

Umhverfisstofnun bendir á að hvergi er í frumvarpinu fjallað um þau tilvik þegar fiskar eru sveltir, t.d. vegna greiðsluferfiðleika eða gjaldþrots. Slík



meðhöndlun er brot á dýraverndarlögum og telur stofnunin nauðsynlegt að tilgreint verði sérstaklega bann við að fiskur í eldi sé sveltur umfram það sem er hefðbundið, t.d. fyrir slátrun, og að viðurlögin séu niðurfelling rekstrarleyfis.

20. gr. Tilflutningur eldisfisks

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að stofnunin verði tilgreind sem umsagnaraðili ef beiðni kemur um leyfi til að flytja eldisfisk milli vatnasvæða, ellegar að sleppa kynbættum fiski út í náttúruna.

23. gr. Um refsingar

Umhverfisstofnun vísar til umfjöllunar um 16. gr. Stofnunin leggur til að einnig verði sérstaklega tilgreint um refsingu fyrir að svelta fisk.